

31. janúar 2018

Fundur nr. 1 á árinu 2018 í aðalstjórn Vestra, haldinn kl. 17:00 í sal á efri hæðinni í Vestrahúsinu, Ísafirði.

Mætt eru: Hjalti Karlsson, Gísli Jón Hjaltason, Guðni Guðnason, Sólrún Geirsdóttir, Sigurður Hreinsson og Jóna Lind Kristjánsdóttir

Gengið til dagskrár:

1. #Meetoo

Formaður lagði fram yfirlýsingu frá Íþróttá og Ólympíusambandi Íslands, um ofbeldi í tengslum við íþróttastarf, sem og bréf frá forseta og framkvæmdastjóra Íþróttá og Ólympíusambands Íslands. Einnig lagt fram minnisblað unnið af Gísla Jóni þar sem skoðuð voru gildi og siðareglur íþróttafélaganna Fylkis og HK.

Tekin umræða um #metoo, ofbeldi og kynferðisofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar. Rætt um hvernig setja má upp verklagsreglur um það hvernig bregðast megi við tilkynningum eða orðrómi um slíkt ofbeldi, sem komið gæti upp innan íþróttafélagsins Vestra.

Umræður um þessi mál verða væntanlega áberandi á næstunni hjá flestum félögum innan íþróttahreyfingarinnar. Leitað verður til allra deilda félagsins um þátttöku í þessari vinnu sem framundan er. Setja þarf upp einhvern ramma um siðareglur og í hvaða ferli setja á mál af þessu tagi í.

2. Fjölnota hús / knattspyrnuhús.

Formaður greinir frá undirbúningsfundi með bæjaryfirvöldum um þau mál. Á dögumum hittu Hjalti formaður á Gísla Halldór, Örnú Láru, Marzelíus og Daníel vegna byggingar á fjölnota/knattspyrnuhúsi. Á föstudaginn næsta er áætlað að Brynjar sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs hjá Ísafjarðarbæ mæti á fund með útreikninga og upplýsingur um líklegann kostnað við byggingu knattspyrnuhúss.

3. Skipan í starfshóp vegna framkvæmda á Torfnesi.

Skipa þarf fjóra einstaklinga í hópinn, fyrir hönd Vestra. Formaður gerði tillögu að Gísla Jóni Hjaltasyni, Svavari Þór Guðmundssyni og Kristjáni Þór Kristjánssyni, auk formanns.

4. Önnur mál. Ekki farið yfir önnur mál

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40

Fundargerð ritaði að mestu Sigurður Hreinsson en vék af fundi kl 18:20